



Jöklarannsóknafélag Íslands

Fréttabréf

Nr. 53
1995

September

HAUSTFERÐ

Hin árlega haustferð félagsins í Jökulheima verður farin helgina 15.-17. september 1995. Lagt verður af stað á föstudagskvöld kl. 20 frá Guðmundi Jónassyni h.f. Borgartúni 34.

Pátttaka tilkynnist Ástvaldi Guðmundssyni Rakarastofunni Dalbraut 1 (vinnusími 5686312) eða Alexander Ingimarssyni í Plastrent h.f. (vinnusími 587 5600).

HAUSTFERÐ

„13. september ferð“ Jörfí verður farin föstudaginn 15. september n.k. Lagt verður af stað í rútu frá húsi Ferðaskrifstofu Guðmundar Jónassonar h.f. Borgartúni 34 kl. 20:00 stundvíslega.

Nú er margt að skoða í Jökulheimum. Má þar nefna alveg nýtt útlit á sporði Tungnaárjökuls. Salernisaðstaðan í Jökulheimum hefur verið bætt og nú hefur gamli skálinn þar tekið á sig endanlega mynd.

Allir félagar eru hvattir til að mæta og taka fjölskylduna með. Munið að tilkynna þátttöku til: Ástvalds Rakarastofunni Dalbraut 1, sími 568 6312, eða til Alexanders í Plastprint h.f. sími 587 5600 og tryggja ykkur far.

Verið er að athuga um ferð að Drangajökli í Kaldalóni fyrir næstu mánaðamót og eru þeir sem áhuga hafa beðnir að hafa samband við ofannefnda.

Nefndin

VORFERÐ JÖKLARANNSÓKNAFÉLAGS ÍSLANDS 1995

Vorferðin var farin dagana 9. til 16. júní. Ferðatilhögun var í þetta sinn nokkuð önnur en áður því nú var farið austur um sveitir og frá Skálafellsjökli í Grímsvötn. Einnig má telja til tíðinda að enginn snjóbbill var með í för, fararskjótar á jökli voru 7 jeppar og 5 vélsléðar. Helstu verkefni leiðangursins voru mæling vatnshæðar og vetrarákomu í Grímsvötnum, uppsetning nýrrar sjálfvirkrar veðurstöðvar á Grímsfjalli, GPS mælingar á stíkum á norðanverðum Vatnajökli og mæling vetrarrafkomu á Öræfajökli. Einnig skildi dittað að skálum á Grímsfjalli. Þátttakendur voru 21 en fararstjóri var Magnús Tumi Guðmundsson.

Fyrstu nóttina gisti hópurinn í Freysnesi og á laugardagsmorgun var haldið austur á Skálarfellsjökul og hádegisverður snæddur í Jöklaseli. Síðan gengu menn frá farangri, eldsneyti á bíla og sleða og lögðu upp áleiðis í Grímsvötn. Dró jeppi Landsvirkjunar hlaðna kerru meðan Gráni Freys braut slóðina. Gekk ferðin ágætlega þó færi væri þungt framanaf. Á Grímsfjall kom hópurinn um kvöldið eftir 5 tíma ferð á jökli í björtu veðri.

Sunnudaginn 11. júní hófust mælingar. Á borstaðnum á miðri Grímsvatnahellunni var tekinn kjarni og vetrarákoman mæld. Þoka hindraði hins vegar frekari skoðun vatnanna í það sinnið. Tveir þátttakenda fóru á vélsléðum á Brúarjökul og Dyngjujökul og mældu inn stíkur úr leiðangri Landsvirkjunar og Raunvísindastofnunar með GPS tækjum. Daginn eftir var nýrri sjálfvirkri veðurstöð komið fyrir á Saltaranum. Þann sama dag fóru fjórir leiðangursmenn á Öræfajökul til ákomumælinga. Boruð var ákomuhola

á sama stað og gert hefur verið undanfarin tvö ár. Skjannabjart var á jöklinum og gekk ferðin að óskum þó svo sprungur væru með meira móti í Snæbreið. Þriðjudagurinn 13. júní rann upp bjartur og fagur. Og þar sem verkefnum hafði miðað vel áfram dagana á undan var afráðið að fara í Kverkfjöll og skoða þar hveri og katla. Við skála JÖRFI í Kverkfjöllum vildi það til að stýrisbúnaður brotnaði í einum bflnum. Tók blanefndin með Þorstein í broddi fylkingar til óspilltra málanna og var „hrútshornið“ tekið undan og soðið saman á ný. Þótti okkur óinnvígðum með ólískindum hve Þorsteinn og félagar voru snöggir. Vard mönnum ósjálfrátt hugsað til lýsingar Njálu á fræknleik Gunnars á Hlíðarenda enda sauð Þorsteinn svo ákaft að þótti sem þrír suðuteinar væru á lofti.

Á miðvikudeginum fór einn bill að mæla inn stikur á Köldukvíslarjökli en aðrir könnuðu Grímsvötn. Um kvöldið var haldin grillveisla.

Fimmtudaginn 15. júní voru skálar þrifnir og gengið frá á fjallinu. Um hádegi lagði hópurinn af stað til byggða í snjómuggu. Veður skánaði eftir því sem austar dró og austur frá Norðlingalægð var sól og víða ágætt skyggni. Um kvöldið var ekið í Frey Ness og morguninn eftir til Reykjavíkur með viðkomu í Seljavallalaug.

Eftirtaldar mælingar voru gerðar í ferðinni:

1. Vatnsborð Grímsvatna mældist 1442 m y.s. þann 14. júní. Hefur vatnsborðið risið um 15-17 metra á einu ári og vantar um 8 metra á að það hafi náð sömu hæð og fyrir hlaupið 1991. Ef að líkum lætur má búast við Grímsvatnahlaupi í veturn eða næsta vor.
2. Vetrarákoman var mæld á borstaðnum á miðri íshellu Grímsvatna. Árslagið reyndist 4,71 m þykkt og vatnsgildi þess 2550 mm. Er þetta nærrí meðallagi.
3. Ekið var um Grímsvötn með GPS GIS tækin og mæld nokkur samfelld hæðarsnið. Verða þau notuð til að gera kort af yfirborði íshellunnar en það breytist með hækkanzi vatnshæð.
4. Á Grímsfjalli var komið fyrir nýrri sjálfvirkri veðurstöð. Mælir hún hita- og rakastig, vindhraða og vindstefnu auch sólgeislunar. Er stöðin sömu gerðar og sú sem verið hefur á Brúarjökli í sumar og fyrrasumar.
5. Vegna jarðskjálftamælinga á Vatnajökli á vegum Raunvísindastofnunar og er-lendra aðila var steypt undirstaða fyrir skjálftamæli við vesturgafi gamla skálans.
6. Vetrarákoman var mæld á sléttunni milli Hvannadalshnúks og Hnappa. Boruð var 10,8 m djúp hola og reyndist álagið 10,2 m og vatnsgildi þess 5750 mm. Er þetta dálitlu minna en mælst hefur á þessum stað undanfarin tvö ár. Sett var niður stika og er ætlunin að lesa af henni í haust og mæla þannig sumarafkomuna.

7. Vitjað var um stikur þær sem settar voru upp á Brúarjökli, Dyngjujökli og Köldukvíslarjökli í byrjun maí. Voru þær staðsettar með GPS tækjum og verða þær staðsetningar notaðar til að reikna skriðhraða jöklanna.
8. Vitjað var um veðurstöðvar Landsvirkjunar á Brúarjökli og Skálafellsjökli og lesið af þeim.

Ferðin tókst með ágætum og sýndi að hægt er að fara vorferðir í Grímsvötn án atbeina snjóbila. Hinu er ekki að leynt var að reynt var að haga skipulagningu ferðarinnar með hliðsjón af takmarkaðri flutningsgetu. Þá nutum við þess að á Grímsfjalli átti félagið talsverðar birgðir af bensíni og olfú. Voru þær birgðir nánast þurrausnar í ferðinni enda færi á jöklinum þungt lengst af. Engin þung rannsóknartæki eins og íssjá, jarðskjálftamælar eða bræðslubor voru tekin með að þessu sinni. Er augljóst að öflugan snjóbil þarf til flutninga næst þegar farið verður í vorferð með slík tæki.

Björk Harðardóttir og Sjöfn Sigsteinsdóttir gerðu matarinnkaup og sá Sjöfn um eldhússtjórnum og birgðahald í ferðinni. Margir lögðu gjörva hönd á matseld og uppvask og var það mál manna að allt hefði það farið vel fram. Ástvaldur, ferðanefndin og bílanefndin báru hita og þunga af undirbúningi ferðarinnar. Landsvirkjun lagði til bíl og Vegagerðin stykti félagið til eldsneytiskaupa. Framlag þessara stofnanna til rannsóknanna á Vatnajökli er mikilvægt og þakkarverft.

Magnús Tumi Guðmundsson


SKAFTÁRHLAUP 1995

Hlaup hófst í Skaftá 25. júlí s. 1. Óvenju langt var þá liðið frá síðasta stóra hlaupi eða 47 mánuðir. Árið 1992 kom lítið hlaup sem reyndist vera úr Eystri katlinum en þá munu hafa runnið út um 60 Gl. Frá því hlaupi eru liðnir um 35 mánuðir. Úrvinnslu gagna frá síðasta hlaupi er ekki að fullu lokið en ljóst er að þar hafa runnið fram um 350 Gl hlaupvatns. Eftir að hlaupinu 1991 lauk hafa því komið fram meira en 410 Gl frá þeim katli. Tvö síðustu Skaftárhlaup 1994 og 1995 hafa jafnframt komið fram í Hverfisfljóti. Í ár kom samtímis smáhlaup í Djúpá og einnig flæddi úr Hverfisfljóti yfir í Eldvatn við Teigingalæk og Fossála. Vafalaust er það m.a. ástæðan fyrir því að toppurinn er stísfður af hlaupinu í Hverfisfljóti sem sjá má á línluritinu hér til hliðar. Skifting er þannig í grófum dráttum: 250 Gl í Skaftá, 100 Gl í Hverfisfljóti og 2 Gl í Djúpá. Rétt er að taka sérstaklega fram að hér er um bráðabirgðatölur að ræða og tölurnar í töflunni eru nú í endurskoðun.

Snorri Zóphónfasson

Tafla 1: Yfirlit yfir stór hlaup í Skraftá 1970 - 1995.

| Ár | Mesta rennsli | Rúmmál m^3/s | Tímabil Gl | Mánuðir milli stóra hlaupa |
|------|------------------|-------------------|---------------|-------------------------------|
| 1970 | 1370 | 394 | 25/1 - 1/2 | |
| 1972 | 1080 | 295 | 20/7 - 27/7 | 30 |
| 1974 | 1270 | 274 | 29/12 - 4/1 | 31 |
| 1977 | 1160 | 285 | 6/2 - 13/2 | 25 |
| 1979 | 1220 | 297 | 17/9 - 23/9 | 31 |
| 1982 | 1140 | 341 | 5/1 - 12/1 | 28 |
| 1984 | 1440 | 358 | 19/8 - 25/8 | 31 |
| 1986 | 1240 | 234 | 29/11 - 4/12 | 28 |
| 1989 | 1300 | 260 | 17/7 - 23/7 | 32 |
| 1991 | 1160 | 259 | 10/8 - 17/8 | 25 |
| 1995 | 1750 | 350 | 25/7 - 30/7 | 47 |



ÓKYRRÐ Í JÖKLUM

Svo sem getur annars staðar hér í fréttabréfinu er Tungnaárvökkull ekki sestur um kyrrt enn. Þjórsárvökkull er afar sprunginn og illa til reika en aðeins á leysingasvæðinu og ekki örgrannit um að sprungurnar séu að færa sig ofar í vöklum. Leið sú sem hingað til hefur verið tryggust upp á hábungu Hofsvökkuls þ.e.a.s. í stefnu frá Kerlingarfjöllum er ekki lengur hrein. Þar sáust í sumar nýjar sprungur og sumar afar stórar. Það verður aldrei ofbrýnt fyrir mönnum að jöklum má aldrei treysta nema að vel athuguðu máli.

Hvað mestar breytingar hafa þó orðið á Drangajökli en eins og fram hefur komið í fréttum er vöklutungan að ryðjast ofan í Leirufjörð í Jökulfjörðum. Undirrituðum hafa borist myndir sem Egill Ibsen hjá flugfélaginu Örnum tók seint í ágúst. Þar gefur að líta gínandi sprungur alveg frá sporði og upp undir Jökulbungu.

Í annan stað sést að vöklísinn er orðin feykn sprunginn upp af Kaldalóni og eru eflaust stór vöklubjörg farin að hrynya fram af Úfnum, en svo nefndi Aðalsteinn heitinn á Skjalfönn mikið bjarg sem hefur verið að koma í ljós undan vöklum á undanförnum áratugum. Ómögulegt er að segja um hversu langt vöklullin gengur fram á þessum stöðum.

Guðfinnur Jakobsson frá Reykjafirði á Hornströndum sendi mér bréf í júlílok og sagði vöklinn þar hlaupinn niður í dalinn. Það er því mikið skrið á Drangajökli til allra átta. Þar sem ferðir um Drangajökul bæði sumar og veturna hafa aukist mjög á undanförnum árum er sérstök ástæða til að vara nú ferðafólk við hinni mestu ófærð á vöklum.

Þess má geta að gangur var í öllum þessum vöklum á þriðja áratug þessarar aldar.

Oddur Sigurðsson

RÁÐSTEFNA

Nú er nýlokið ráðstefnu Alþjóða vöklafraðifélagsins (International Glaciological Society) um rof og efnisflutning vöklu. Var hún haldin hér í Reykjavík og stóðu að henni fyrir utan ofangreint félag, Háskóli Íslands, Landsvirkjun, Orkustofnun, Veðurstofan og Vegagerð ríkisins. Sérstaklega var ráðstefnan tengd nafni Jóns Eyþórssonar veðurfræðings en í ár eru 100 ár liðin frá fæðingu

hans.

Ráðstefnuna sóttu liðlega 100 sérfræðingar frá öllum heimsálfum. Gestir fóru í ferð upp á Kaldadal og aðra undir sunnlenskum jöklum austur á Breiðamerkursand og inn í Jökulheima.

Margt merkra fyrillestra bar fyrir á ráðstefnunni m.a. heildarafköst íslenskra jöklar í að flytja landið út í sjó, um Kötluhlaup, efnisflutninga Breiðamerkurjökuls og setmyndun í jökulskotnum vötnum á Íslandi. Munu þeir birtast sem greinar í ráðstefnuriti sem kemur út að ári.

Oddur Sigurðsson

JÖKULL 43. ÁRGANGUR

Fertugasta og þriðja hefti Jökuls kom út í síðasta mánuði og hefur verið dreift til þeirra sem staðið hafa skil á félagsgjaldi sínu. Það er 88 síður að þessu sinni. Þrjár greinar eru í ritinu á ensku og hafa þær verið sérstaklega metnar af vísinda ritnefnd. Þær eru um hitafar á og við Ísland og annarsstaðar í Norður-Atlantshafi það sem af er öldinni eftir Markús Á. Einarsson, um uppruna rekaviðs við Ísland eftir Ólaf Eggertsson og um strandlínur og hop jökuls í Þistilfirði og Bakkaflöa eftir Hreggvið Norðdahl og Christian Hjort. Öllum þessum greinum fylgir íslenskt ágrip. Margar greinar eru á íslensku fyrir utan fastagreinar og má þar til nefna sögulegt yfirlit um misvísun áttavita hér á landi eftir Leó Kristjánsson, eyjar í hafi Skaftárelدا eftir Jón Jónsson, um Breiðamerkursand eftir Sigurð Björnsson á Kvískerjum, og tvær einnar síðu greinar um jökulinn á Fimmvörðuhálsi eftir Helga Björnsson og um framhlaup Síðujökuls eftir Odd Sigurðsson.

Gíróseðlar fyrir árið 1994 hafa verið sendir félagsmönnum og eru þeir hvattir til að gera skil sem fyrst. Nokkuð er um endursendingar á því sem félagið sendir frá sér þar sem móttakandi hefur flutt og ekki tilkynnt um breytt heimilisfang. Rétt er að minna á að í pósthúsum er hægt að fá spjöld til að tilkynna breytt heimilisföng og þarf ekki að greiða póstburðargjöld af þeim.

Einar Gunnlaugsson og Oddur Sigurðsson

SUMARFERÐ

Vegna sjónarspils þess sem Tungnaárjökull setti á svið í vetur og sumar var efnt til sérstakrar ferðar á vegum félagsins í Jökulheima helgina 24.-25. júní 1995. Nær 40 manns komust þar í návígi við jökuljaðarinn sem var vægast sagt ógnvekjandi. Sumir voru ferjaðir yfir nokkrar kvíslar Tungnaár en aðrir tóku á sig krók. Allir þurftu samt að ganga í 5-6 tíma inn með Jökulgrindum til að komast í snertingu við jaðarinn. Þar var jökullón sem hafði stíflast upp við framganginn. Veður var hið besta og yfirlitsferð í Veiðivötn skreytti heimleiðina.

Þorsteinn Jónsson

ÁRSHÁTÍÐ

Til tals hefur komið að halda ársháttíð félagsins 28. okt. n.k. og minnast þar 45 ára afmælisins. Félagar eru beðnir að halda helginni frátekinni fyrir hátfða-höldin.

Alexander Ingimarsson

MAGNUS TUMI GUÐMUNDSSON
TÓMASARHAGI 53
107 REYKJAVÍK